SORPA
ÁRANGUR Í ÚRGANGSMÁLUM

VOTTUN HF IST ISO 9001 | VOTTUN HF IST ISO 14001 | JAFNLAUNAVOTTUN VR

# FUNDARGERÐ STJÓRNAR

343. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 07.11.2014, kl.07:30.

**Mættir eru:**

Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Geirdal. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

**Tekið fyrir:**

1. **Rekstrarniðurstaða 9 mánaða**
   Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðað rekstraryfirlit fyrstu 9 mánaða ársins og samanburð rekstrarniðurstöðu við áætlun. Helstu niðurstöður eru að hagnaður fyrir fjármagnsliði eru rúmar 70 milljónir en hagnaður að teknu tillliti til fjármagnsliða er tæpar 107 milljónir. Fastafjármunir eru alls 1.513 milljónir og skuldir og eigið fé 2.394 milljónir
2. **Bráðabirgðaniðurstaða kærunefndar útboðsmála í máli nr. 19/2014**
   Gestur fundarins undir þessum lið er Eyþóra Kristína Geirsdóttir lögfræðingur hjá embætti borgarlögmanns. Málið rætt.
3. **Staða verkefna í Álfsnesi**
   Yfirverkfræðingur og framkvæmdastjóri kynna stöðu á verkefni Lífdísil og framvindu verkefna við móttöku á lyktarsterkum úrgangi. Yfirbyggð móttaka verður tekin í rekstur í nóvember.
4. **Samningur um grenndargáma og framtíðarfyrirkomulag**
   Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dagsett 4. nóvember 2014 vegna grenndargámakerfisins og framtíðarfyrirkomulag við það. Framkvæmdastjóra falið að semja við núverandi verktaka um framlengingu til hámark 6 mánaða enda séu kjör óbreytt.
5. **Samningur við Kölku um gagnkvæma móttöku úrgangs.**
   Framkvæmdastjóri kynnir samning SORPU og Kölku um gagnkvæma móttöku úrgangs. Stjórn samþykkir samninginn. Stjórnarformaður kynnir fund og viðræður við stjórnarformann og framkvæmdastjóra Kölku.
6. **Siðareglur stjórnar.**
   Lagðar fram að nýju drög að siðareglum stjórnar. Stjórn samþykkir og áritar siðareglurnar.
7. **Niðurstaða Samkeppniseftirlits nr.1/2014 vegna blátunnu.**
   Álit Samkeppniseftirlitsins lagt fram
8. **Tilboð í hleðslu og baggflutning í móttökustöð í Gufunesi.**
   Framkvæmdastjóri fer yfir minnisblað frá Mannvit dagsett 6. nóvember 2014 greinargerð á tilboðsfjárhæðum í verkið.
   Framkvæmdastjóra falið að ganga að hagstæðasta tilboði.
9. **Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík vegna lögfræðikostnaðar og samkeppnismála.**
   Kynnt svar framkvæmdastjóra við fyrirspurninni.

BTÁ HAS

**10. Næsti fundur.**

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 12. desember 2014, kl. 12:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.50.

Fundarritari Sigríður Björg Einarsdóttir